



864. fundur stjórnar GSÍ, 26. ágúst 2015, kl.17:00 haldinn á skrifstofu GSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Ágúst Sverrisson, Kristín Guðmundsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Rósa Jónsdóttir og Jón Júlíus Karlsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði hann fundargerð.

1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð frá 16. júní s.l. og hún samþykkt og undirrituð.

2. Mótahald sumarsins

Nokkur mál komu upp í mótum sumarsins og var farið yfir þau helstu:

i) Íslandsmótið í golfi á Akranesi. Ákvörðun mótsstjórnar Íslandsmótsins í golfi um að hafna beiðni kylfings um að nota golfbíl vegna veikinda mætti töluverðri andstöðu og komst í hárnæli í fjölmiðlum. Forseti GSÍ, Haukur Örn Birgisson, fundaði með mótsstjórn og var farið yfir málið. Mótsstjórn gerði forseta grein fyrir að ákvörðun hennar um synjun byggði á þeirri framkvæmd sem unnið hefði verið eftir undanfarin ár, um að heimila ekki notkun golfbíla í efstu deild óháð því hvort viðkomandi kylfingur væri með vottorð um þörf á slíkri aðstoð vegna veikinda. Varðandi þær vangaveltur að keppnisskilmálar mótsins hafi ekki verið samþykktir í mótsstjórn, þá vísaði mótsstjórn í fundargerðir mótsstjórnar þar sem fram kemur að keppnisskilmálar og staðareglur voru samþykktar á fundi nefndarinnar 14. júlí og þær kynntar keppendum. Keppnisskilmálar samhljóða útgefnum keppnisskilmálum frá mótanefnd GSÍ frá því í maí 2015. Þau mistök urðu þó við kynningu á keppnisskilmálum á golf.is að ekki kom fram að þeir hefði verið staðfestar af mótsstjórn Íslandsmótsins í golfi á fundi 14. júlí.

Í kjölfar símafunda sem forseti sambandsins átti við stjórnarmenn í kringum Íslandsmótið var tekin sú ákvörðun að biðjast afsökunar vegna málsins og tilkynnt að reglur varðandi notkun vélknúinna ökutækja í mótum á vegum sambandsins yrðu endurskoðaðar. Samþykkt var á fundinum að fela dómarnefnd að skoða keppnisskilmálana og leggja fram tillögu að nýjum skilmálum í samráði við laga- og reglugerðarnefnd.

ii) Sveitakeppni 2. deild karla í Vestmannaeyjum. Þau mistök urðu við framkvæmd sveitakeppni í 2. deild karla í Vestmannaeyjum að rástímum á lokadegi var breytt frá þeirri áætlun sem kynnt hafði verið í upphaflegum gögnum mótsins og sú breyting var ekki kynnt með viðunandi hætti til allra liðsstjóra fyrir lokadaginn. Leiddi það til þess að lið Golfklúbbs Kiðjabergs mætti ekki til leiks á réttum tíma. Varð það til þess að sveit Golfklúbbsins Jökuls frá Ólafsvík var dæmdur sigur í leiknum og þar með sigur í 2. deild.

Forráðamenn Golfklúbbs Kiðjabergs óskuðu eftir fundi með forseta og framkvæmdastjóra GSÍ og lýstu yfir óánægju með framkvæmd mótsins og voru aðilar sammála um að tryggja hefði þurft betur að fyrirhuguð breyting á rástímum skilaði sér til keppnissveitanna. Forseti baðst velvirðingar á þessum mistökum og harmaði þann leiða misskilning sem



varð á milli liðsstjóra og mótsstjórnar varðandi breytingu á rástíma. Í framhaldi fundarins sendi forseti stjórn Golfklúbbs Kiðjabergs bréf þar sem fram kom að golfsambandið bæðist velvirðingar á þessum mistökum og að sambandið muni endurskoða verklagsreglur sem að þessu snúa til að koma í veg fyrir að atvik af þessu tagi endurtaki sig ekki.

Samþykkt var á fundinum að bæta við í gátlista fyrir sveitakeppnir GSÍ að allar breytingar á rástímum yrðu kynntar liðstjórum með áberandi hætti og ávallt væru send smáskilaboð til allra liðstjóra þar sem fram kæmu helstu upplýsingar. Samþykkt að fela mótanefnd að yfirfara gátlista enn frekar.

- iii) Verðlaunaafhendingar í mótum GSÍ. Fulltrúi úr stjórn hefur verið viðstaddur verðlaunaafhendingar í öllum mótum á vegum GSÍ. Rætt var um með hvaða hætti væri hægt að tryggja að fleiri væru viðstaddir verðlaunaafhendingar og setja þyrfti skýrari verklagsreglur um framkvæmd þeirra.

3. Árangur afrekskylfinga

Góður árangur hefur verið hjá afrekskylfingum í verkefnum GSÍ í sumar. Tónninn var gefinn í upphafi sumars með frábærum árangri á Smáþjóðaleikum sem fram fóru á Korpúlfsstaðavelli, þar sem lið Íslands sigraði með yfirburðum, bæði í einstaklingskeppni sem og í liðakeppninni.

Á breska Opna áhugamannamótinu náðist góður árangur, þar sem Andri Þór Björnsson og Guðmundur Ágúst Kristjánsson GR og Gísli Sveinbergsson GK komust í 32 manna úrslit og Andri alla leið í 16 manna úrslit. Atvinnukylfingar okkar hafa tekið þátt í fjölmörgum verkefnum og hafa Ólafía Þórunn Kristinsdóttir GR og Valdís Þóra Jónsdóttir GL náð ágætisárangri á LETAS mótaröðinni, sem er næst sterkasta mótaröð kvenna í Evrópu. Þá hefur Birgir Leifur Hafþórsson GKG verið að spila vel á Áskorendamótaröðinni og Þórður Rafn Gissurarson GR verið að spila vel á Pro Golf mótaröðinni.

Frekari upplýsingar um árangur afrekskylfinga verður tekinn saman í skýrslu landsliðsþjálfara sem kynnt verður í ársskýrslu GSÍ.

4. Útbreiðslumál, félagafjöldi

Framkvæmdastjóri lagði fram stöðu samkvæmt félagalistum klubbanna eins og þeir voru keyrðir úr golf.is þann 1. júlí. Þar kemur fram að heildar fjöldi kylfinga í klúbbum með aðild að GSÍ er 16.258 og er það fækkun frá fyrra ári um 77 kylfinga. Unnið er að yfirferð félagalista í samráði við klubbana og gætu þessar tölur breyst lítillega á næstu vikum. Samþykkt var að jafnframt yrði tekinn saman og birtur í ársskýrslu fjöldi þeirra kylfinga sem eru í fleiri en einum golfklúbbi og hvernig fjöldi aukafélaga skiptist.

5. Stefnumótun GSÍ

Eggert Ágúst fór stuttlega yfir vinnu við stefnumótun og nauðsyn þess að verkefnahóparnir skiluðu niðurstöðum tímalega fyrir golfþing.

Þá kynnti Haukur Örn forseti að stofnuð hafi verið nefnd til að endurskoða framkvæmd og skipulag Eimskipsmótaráðarinnar og starfar nefndin undir stjórn Jóns Júlíusar Karlssonar. Áætlað er að hún skili niðurstöðu í byrjun nóvember.



6. Samráðsfundur á haustmánuðum
Framkvæmdastjóra var falið að undirbúa og skipuleggja samráðsfundi með golfklúbbunum á haustmánuðum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:00.